

BORGARRÁÐ 27. júní 2024: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um daggæslu á vinnustað - MSS24060126

Borgarráð samþykkir að leita samstarfs við barna- og menntamálaráðherra um breytingu á reglugerð um daggæslu í heimahúsi nr. 907/2005, svo skapa megi umgjörð um nýtt daggæsluúrræði á vinnustöðum. Úrræðið yrði hugsað fyrir börn starfsmanna viðkomandi vinnuveitenda, frá lokum fæðingarorlofs og þar til leikskólavist hefst. Úrræðið yrði rekið af hlutaðeigandi vinnuveitendum hverju sinni og börnum tryggð samsvarandi niðurgreiðsla og greidd er með börnum hjá dagforeldrum. Stofnaður verði spretthópur sem hafi það hlutverk að halda utan um verkefnið og skila niðurstöðu fyrir árslok 2024.

Greinargerð:

Á undanliðnum árum hefur birst ríkur vilji nokkurra stærri vinnustaða til þess að opna daggæsluúrræði fyrir börn starfsmanna. Leikskóla- og daggæsluvandinn birtist glögg á slíkum vinnustöðum enda reynist mörgum vinnuveitendum torvelt að endurheimta starfsfólk að loknu fæðingarorlofi. Ungt fjölskyldufólk verður fyrir gríðarlegu tekjutapi vegna stöðunnar og því nauðsynlegt að kanna möguleika á nýjum úrræðum.

Reglugerð um daggæslu í heimahúsi nr. 907/2005 er sett með heimild í 2. mgr. 34. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Svo skapa megi möguleikann á daggæslu á vinnustað þarf að gera viðeigandi breytingar á fyrrnefndri reglugerð. Meðal annars þarf að gera vinnuveitendum kleift að ráða starfsfólk sem sinnir gæslunni, tryggja þarf niðurgreiðslur sem samsvara niðurgreiðslum vegna barna hjá dagforeldrum og veita þarf svigrúm fyrir vinnustaði að skapa aðstöðu fyrir börnin sem er ekki af síðri gæðum en heimahús.

Í framhaldi vinni Reykjavíkurborg skýrar leiðbeiningar fyrir þá vinnuveitendur sem geta hugsað sér að stíga skref í átt að því að opna daggæslu fyrir börn starfsmanna. Mikilvægt er að vinna verkefnið af vandvirkni en jafnframt hraða, enda kemur leikskóla- og daggæsluvandinn þungt niður á fjölmörgum fjölskyldum í Reykjavík.

Spretthópur verði skipaður einum fulltrúa meirihluta og einum fulltrúa minnihluta, einum fulltrúa frá skóla- og frístundasviði og einum fulltrúa atvinnulífs.